

Fornleifaskráning við Njarðvíkurhöfn vegna deiliskipulags

Að beiðni Reykjanesbæjar í Gullbringusýslu kannaði Fornleifafræðistofan spildu við Njarðvíkurhöfn vegna deiliskipulags svæðisins (sjá mynd 1).

Farið var lauslega í gegnum ýmsar heimildir svo sem örnefnaskrá, túnakort og sögu Njarðvíkur.

Allt svæðið var kannað á vettvangi og fór vettvangsvinna fram þann 13. nóvember síðastliðinn. Veður var gott á meðan á vettvangsvinnu stóð.

Fulltrúi verkkaupa var Gunnar Kristinn Ottósson skipulagsfulltrúi Reykjanesbæjar.

Fornleifafræðistofan hafði áður farið yfir svæðið og skráð þar tvær fornleifar, en það voru Stefánsvör (nr. 179) og Mangagamlavör/Bullaravör (nr. 181). Í þessari vettvangsferð fannst ekkert nýtt, en varimar tvær voru mældar inn á ný samkvæmt stöðlum Minjastofnunar Íslands.

Samkvæmt lögum um menningar-minjar frá 2012 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar (Lög um menningarminjar 2012). Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.).

Í 24. gr. laganna segir: „*Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonnnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að*



Mynd 1. Hið kannaða svæði og afmörkun þess. (Loftmynd: Loftmyndir. Viðbót Reykjanesbær-Fornleifafræðistofan).



Mynd 2. Túnakort Ytri Njarðvíkur og fl. Býla. Rauðu hringirnir eru dregnir utan um tvær varir sem gætu verið þær varir sem skráðar voru nú, Stefánsvör og Mangagamlavör. Við efri hringinn er kálgarður teiknaður upp og óþekkt mannvirki ofan við hann. Við neðri hringinn eru tvö óþekkt mannvirki teiknuð (Þjóðskjalasafn Íslands).

halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Líkurnar á því að eitthvað kunni að finnast eru hverfandi að mati undirritaðs, en þó bera að benda á að við varir eru gjarnan fleiri mannvirki svo sem sjóbúðir, vörslugarðar, þurrkunarreitir og fiskbyrgi. Slíkar minjar gætu leynst undir yfirborði á landi. Mælt er með framkvæmdaefirliti þegar jarðvegsframkvæmdir kunna að hefjast.

Heimildir

Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn Íslands.

Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990.

Kristján Sveinsson. *Saga Njarðvíkur*. Þjóðsaga. Reykjavík 1996.

Lög um menningarminjar. Nr. 80 29. júní 2012.

Túnakkort. Ytri Njarðvík. 2 býli 6/4 og 1/4. Þorukot, Höskuldarkot, Nýibær og Veghús.

Þjóðskjalasafn Íslands.

Örnefnaskrá. Ytri-Njarðvík. Ari Gíslason skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum - Örnefnasafn.

Fylgirit.

Úr Fornleifaskrá Reykjaneshæjar nr. 179:1 og 181:1.

FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

Bjarni F. Einarsson

16. ágúst 2020.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Reykjanesbær	2200		179
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Ytri Njarðvík		Stefánsvör		1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Sandra Sif Einarsdóttir/Bjarni F.E.	13.5.2008	E 326692,5 N 391535,3	Isn 93		3

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Vör		Rey 19 Njarðvíkurhöfn	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
-	-	Horfin	1550-1900				Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Talsvert		Talsvert		Nei	Nei		

Lega og staðhættir

250 m SA við Njarðvíkurslipp. Vörin gæti hafa verið handan tangans sem fer út í sjá sbr. ljósmynd.

Heimildir og munnmæli

Kristján Sveinsson. *Saga Njarðvíkur*. Reykjavík 1996. Bls. 22.

Túnakkort. Ytri Njarðvík. 2 býli 6/4 og 1/4.

Þórukot, Höskuldarkot, Nýibær og Veghús.
Þjóðskjalasafn Íslands.

Lýsing

Vör.

Horfin. Yngri byggingar hefa verið byggðar á þeim slóðum sem vörin hefur verið. Sú bryggja er nú lögð af.

Við varir gátu verið sjóbúðir, vörslugarðar og fiskbyrgi. Minjar um þessi mannvirki gætu leynst undir yfirborðinu.

Staðurinn var aftur skoðaður þann 13.11.20 og mælipunktur tekin fyrir Minjastofnun Íslands (Trimble Juno).

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Sandra Sif Einarsdóttir

Filma nr./teg. myndar

Fuji FinePix S7000

Athugasemdir

Þar sem vörin er hofin sýnir GPS hnitíð bara áætlaða staðsetningu vararinnar. E 326692,5 N 391535,3

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Reykjanesbær	2200		181
Landareign	MÍ:Nr	Heiti		Undirnr.
Ytri Njarðvík		Mangagamlavör / Bullaravör		1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Sandra Sif Einarsdóttir/Bjarni F.E.	13.5.2008	E 326709,2 N391721,7	Isn 93		3

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Vör		Rey 19 Njarðvíkurhöfn	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
-	-	Horfín	1550-1900				Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Talsvert		Talsvert		Nei	Nei		

Lega og staðhættir

Vörin gæti hafa verið þar sem rampurinn fer út í sjó sbr. ljósmynd.

Heimildir og munnmæli

Örnefnaskrá. Ytri-Njarðvík. Ari Gíslason skráði.
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum -
Örnefnasafn.
Túnakkort. Ytri Njarðvík. 2 býli 6/4 og 1/4.
Þórukot, Höskuldarkot, Nýibær og Veghús.
Þjóðskjalasafn Íslands.

Lýsing

Vör.

Engin ummerki um vörina sjást í dag.
Heitið Bullaravör fékk vörin sökum vatnselgs.

Við varir gátu verið sjóbúðir, vörslugarðar og fiskbyrgi. Minjar um þessi mannvirki gætu leynst undir yfirborðinu.

Staðurinn var aftur skoðaður þann 13.11.20 og mælipunktur tekin fyrir Minjastofnun Íslands (Trimble Juno).

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS M6

Athugasemdir

Þar sem vörin er hofin sýnir GPS hnitíð bara áætlaða staðsetningu. E 326709,2 N391721,7 við núverandi vör eða ramp niður í sjóinn.